



# HVATARBLAÐIÐ



17. júní  
hátíðarhöld

*kl. 13:30 Skráðganga frá Verzluninni Borg  
að Félagsheimilinu Borg*

*Hátíðarræða*

*Ávarp fjallkonu*

*Grillaðar pylsur og gos*

*Leiktæki á grasvellinum*

**BMX BRÓS** verða með sýningu

*(Þau börn sem eiga fána frá fyrri árum endilega munið eftir þeim.)*

526. fundur 2. maí 2022 kl. 09:00 - 11:00  
Stjórnsýsluhúsinu Borg



Sveitarstjórn

- Ása Valdís Árnadóttir
- Björn Kristinn Pálmarsson
- Smári Bergmann Kolbeinsson
- Ingibjörg Harðardóttir
- Ragnheiður Eggertsdóttir í fjarveru Bjarna Þorkelssonar

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir

Oddviti leitar afbrigða.

*Samþykkt samhljóða*

a) Fundargerð 98. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 5. apríl 2022.

## 1. Ársreikningur Grímsnes- og Grafningshrepps.

Ársreikningur sveitarfélagsins fyrir árið 2021 lagður fram til seinni umræðu. Helstu niðurstöður samantektar A og B hluta eru eftirfarandi:

Rekstrarniðurstaða A hluta kr. 43.891.838

Rekstrarniðurstaða A og B hluta saman kr. 51.796.785

Eigið fé kr. 1.390.368.861

Skuldir kr. 1.015.530.506

Eignir kr. 2.405.899.367

Veltufé frá rekstri kr. 173.441.001

Ársreikningur samþykktur samhljóða og áritaður af sveitarstjórn.

Sveitarstjórn verður með íbúafund um ársreikning sveitarfélagsins í Félagsheimilinu Borg, miðvikudaginn 4. maí kl. 19:30.

## 2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 238. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 27. apríl 2022.

Mál nr. 8, 9, 10, 11 og 16 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 238. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dagsett 27. apríl 2022. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

**Mál nr. 8: Athafnasvæði við Sólheimaveg; Deiliskipulag – 2204019.**

Lögð er fram umsókn frá Grímsnes- og Grafningshreppi er varðar nýtt deiliskipulag sem tekur til athafnasvæðis við Sólheimaveg. Skipulagssvæðið skiptist upp í 52 lóðir og gilda sérskilmálar fyrir hverja lóð. Gert er ráð fyrir að heimila hreinlegan léttan iðnað og

athafnastarfsemi á svæðinu. Skipulagssvæðinu mun verða skipt upp í framkvæmdaráfanga til að stuðla að hagkvæmni og heildstæðu yfirbragði byggðar. Í fyrsta áfanga er gert ráð fyrir uppbyggingu á 15 lóðum, 11 í öðrum áfanga, 13 í þriðja og 12 í fjórða. Lóðirnar eru á bilinu 1.575 m<sup>2</sup> til 2.400 m<sup>2</sup> að stærð.

Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagstillöguna til kynningar og umsagna í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**Mál nr. 9: Leynir L230589; Veglagning; Framkvæmdarleyfi - 2204017.**

Lögð er fram umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir veglagningu innan frístundasvæðisins Leynis úr landi Miðengis.

Sveitarstjórn samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis á grundvelli deiliskipulags svæðisins.

**Mál nr. 10: Björk 1 frístundabyggð; Vegtenging; Deiliskipulagsbreyting - 2204058.**

Lögð er fram umsókn um óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til breyttrar vegtengingar að frístundabyggð í landi Bjarkar 1.

Sveitarstjórn samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

**Mál nr. 11: Umsagnarbeiðni; Endurskoðað aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfus 2020- 2036 – 2204059.**

Lögð er fram umsagnarbeiðni vegna endurskoðunar á aðalskipulagi Ölfus. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við auglýsta tillögu nýs aðalskipulags Ölfuss og felur skipulagsfulltrúa að veita umsögn vegna málsins.

**Mál nr. 16: Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 22-162.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. apríl 2022.

**b) Fundargerð 581. fundar stjórnar SASS, 25. apríl 2022.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**c) Fundargerð 17. fundar um svæðisskipulag fyrir Suðurhálendið, 5. apríl 2022.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**3. Styrktarbeiðni frá Leikfélagi Sólheima.**

Fyrir liggur bréf frá Dagnýju Davíðsdóttur formanni Leikfélags Sólheima, dagsett 26. apríl 2022, þar sem óskað er eftir styrk frá sveitarfélaginu að upphæð 200.000 kr. vegna uppsetningar á sérsýningu leikfélagsins „Dýrin í Hálsaskógi“ fyrir nemendur og starfsfólk Kerhólsskóla. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita umbeðinn styrk.

**4. Erindi til sveitarstjórnar frá Magnúsi Ingberg Jónssyni.**

Fyrir liggur erindi frá Magnúsi Ingberg Jónssyni, dagsett 29. apríl 2022, þar sem farið er yfir athugasemd við fyrirhugaða aukna vatnsvernd á jörðinni Lyngdal.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að vísa athugasemd við aukna vatnsvernd til umræðu á vinnufundi með skipulagsráðgjafa í tengslum við aðalskipulagið. Að öðru leyti tekur sveitarstjórn ekki afstöðu til erindisins og frestar afgreiðslu málsins.

**5. Upplýsingar vegna greiningar á skæðri fuglaflensu á Íslandi í apríl 2022 frá Matvælastofnun.**

Fyrir liggur bréf frá Þóru Jóhönnu Jónasdóttur hjá Matvælastofnun, dagsett 25. apríl 2022 þar sem farið er yfir hvað sveitarfélaginu beri að gera ef fólk verður vart við veika ósjálfbjarga fugla og/eða dauða fugla. Ef vart verður við veika ósjálfbjarga fugla í nærumhverfi manna er möguleiki á að fuglinn sé veikur vegna smits af fuglaflensuveirunni. Þó litlar líkur séu taldar á smiti yfir í mannfólk eða önnur dýr þá mælir Matvælastofnun með að fyllstu varúðar og smitgátar sé gætt. Ekki skal handleika fugla sem mögulega eru taldir vera smitaðir af fuglaflensu, án tilskilins hlífðarbúnaðar. Almennungi er því ráðið frá að handleika slíka veika fugla, en heldur beina erindi sínu til sveitarfélags, sem svo þarf að sjá til þess að gripið sé til aðgerða út frá dýravelferðarsjónarmiðum. Mælt er með að fá dýralækni til að aflífa fuglinn á staðnum með svæfilyfi. Vaktími víðsvegar um landið sést á heimasíðu Matvælastofnunar. Ekki er ráðlagt að skjóta slíka fugla, rota eða skera m.t.t. smitvarna. Utan skrifstofutíma sveitarfélaga ættu erindi að beinast til lögreglu, sem gæti þá sett málin í sama farveg. Þegar villtur fugl finnst dauður, skal hafa samband við MAST, nema ef augljóst er að hann hafi drepist af slysförum. Best er að tilkynna um dauðan fugl með því að skrá ábendingu á heimasíðu stofnunarinnar [www.mast.is](http://www.mast.is) en líka er hægt að hringja í síma 5304800 á opnunartíma eða senda tölvupóst á netfangið [mast@mast.is](mailto:mast@mast.is). MAST metur hvort taka skuli sýni úr fuglinum. Lagt fram til kynningar.

**6. Álit um matsáætlun um niðurdælingu CO<sub>2</sub> á Hellisheiði frá Skipulagsstofnun.**

Fyrir liggur álit um matsáætlun um niðurdælingu CO<sub>2</sub> á Hellisheiði frá Skipulagsstofnun dagsett 27. apríl 2022.

Lagt fram til kynningar.

**7. Velferðarverkefni Almanna- og Árnassýslu.**

Lagt fram til kynningar Velferðarverkefni Almanna- og Árnassýslu 2021-2022 sem unnið var af Ragnheiði Hergeirsdóttur MA félagsráðgjafa. Verkefnið var unnið fyrir Almanna- og Árnassýslu og var samþykkt af Héraðsnefnd Árnassýslu.

**8. Innviðaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 83/2022, „Aukið öryggi á vegum“.**

Fyrir liggur til samráðs frá Innviðaráðuneytinu mál nr. 83/2022, „Aukið öryggi á vegum“.  
Lagt fram til kynningar.

**9. Beiðni Atvinnuveganefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar (umhverfissvæn orkuöflun), 582. mál.**

Fyrir liggur beiðni Atvinnuveganefndar Alþingis um umsögn á frumvarpi til laga um niðurgreiðslu húshitunarkostnaðar (umhverfissvæn orkuöflun), 582. mál.  
Frumvarpið lagt fram til kynningar.

**10. Önnur mál.**

**a) Fundargerð 98. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 5. apríl 2022.**

**Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.**

Lögð fram 98. fundargerð fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, dagsett 5. apríl 2022. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

**Mál nr. 1 Skóladagatal**

Lagt er til að skóladagatal sé lagt fyrir í tveimur útgáfum. Annarsvegar A útgáfa sem innifelur tvo auka starfsdaga þann 24. og 25. apríl. Þar er stefnt á að fara í utanlandsferð en slíkt hefur verið reynt nokkur undanfarin ár en ekki tekist vegna Covid. Útgáfa B er eins nema að hún felur ekki í sér þessa tvo starfsdaga.  
Sveitarstjórn samþykkir skóladagatalið samhljóða.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl: 11:00.



**Úrslit sveitarstjórnarkosninga í Grímsnes- og Grafningshreppi 2022**

E-listinn, Listi óháðra lýðræðissinna, fékk 148 atkvæði 51,0% og þrjá menn kjörna og  
G-listinn, Framboðslisti um framsýni og fyrirhyggju, fékk 142 atkvæði 49,0% og tvo menn kjörna.

Auðir seðlar voru þrír og ógildir einn. Kjörsókn var 74,4%.

Sveitarstjórnin verður þannig skipuð:

(E) Ása Valdís Árnadóttir

(E) Björn Kristinn Pálmarsson

(E) Smári Bergmann Kolbeinsson

(G) Ragnheiður Eggertsdóttir

(G) Dagný Davíðsdóttir



# Spilakvöld með spilavinum

Þriðjudaginn 7. júní kl. 19:00  
Félagsheimilinu Borg



Ungmennaráð Grímsnes- og  
Grafningshrepps býður alla  
velkomna að koma á spilakvöld  
með spilavinum.

## Menningarveisla Sólheima 2022

Laugardaginn 4. júní



- 13:00** Setning Menningarveislu við Péturstorg
- 13:15** Opnun listasýningar. Vinnustofur Sólheima skarta öflugum listafólki sem sýnir myndlist sína í listsal Grænu könnu.
- 14:00** Tónleikar í Sólheimakirkju Stjörnulið Sólheima. Hljómsveitin Dos Sardínas ásamt heimafélki.

### Tónleikar alla laugardaga í sumar klukkan 14:00

Þar má telja: Teitur Magnússon, Örn Árna og Jónas Þórir. Hr. Hnetusmjör, Gréta Hergils, Gissur og Jónas Þórir, Geirmundur Valtýrsson, María Sól og Jón Bjarnason. Diddú og Kristján Jóhannsson og Jónas Þórir, Klassart. Minningartónleika Ragga Bjarna. Þorgeir, Björgvin og Ásgeir Páll.

Bara gaman!

Sjá nánar dagskrá á [www.solheimar.is](http://www.solheimar.is)



Sýningar Listhús, verslunin Vala og  
kaffihúsið Græna kannan  
**Opið 11:00 – 17:00 alla daga**



←————→  
**Mötuneyti Sólheima er opið gestum og gangandi**  
**frá 11:30-13:30 alla virka daga**  
**Sími: 422-6072, netfang: eldhus@solheimar.is**



**E-listi óháðra lýðræðissinna  
þakkar kærlega fyrir stuðninginn  
í sveitarstjórnarkosningunum árið 2022**

*Við hlökkum til að halda áfram að vinna fyrir  
sveitarfélagið og alla íbúa þess.*

*Bestu kveðjur,  
Ása Valdís  
Smári Bergmann  
Anna  
Guðrún Helga  
Jakob*


*Björn Kristinn  
Steinar  
Pétur  
Guðmundur  
Sirrý*





Frambjóðendur G-listans vilja þakka kjósendum í Grímsnes-og Grafningshreppi það traust sem listanum var sýnt í kosningum 14.maí sl. Einnig viljum við þakka fyrir góða þátttöku í fundum listans fyrir kosningar.

Fyrir hönd G-listans  
Ragnheiður Eggertsdóttir  
Dagný Davíðsdóttir





# GRENNÐARSTÖÐVAR

## Í GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPI



Á grenndarstöðvum í sveitarfélaginu er hægt að skila eftirtöldum úrgangsflokkum í endurvinnslu:

**Gler**  
**Glass**

Best er að safna gleri á hverju heimili og fara svo með á grenndarstöðina sem er næst þér.

**Málmur**  
**Metal**

Best er að safna málmum á hverju heimili og fara svo með á grenndarstöðina sem er næst þér.

**Hvað flokkast sem málmur?**

|                        |                           |
|------------------------|---------------------------|
| Málmilát undan matvöru | Metal cans e.g. soup cans |
| Málmlok af krúkkum     | Metal jar lids            |
| Úðabrúsar              | Aerosol spray/dispenser   |

**Lífrænt**  
**Organic**

**Hvað má fara í tunnuna?**

|                                    |                                      |
|------------------------------------|--------------------------------------|
| Ávextir og ávaxtahyði              | Fruits and peel                      |
| Grænmeti og grænmetishyði          | Vegetables and peel                  |
| Egg og eggjaskurn                  | Eggs and eggshells                   |
| Eldaðir kjöt- og fiskafgangar      | Cooked meat and fish leftovers       |
| Mjöl                               | Grain                                |
| Hrisgrjón og pasta                 | Rice and pasta                       |
| Brauð og kökur                     | Bread and cookies                    |
| Kaffikorgur, kaffipokar og tepokar | Coffee grounds and bags and tea bags |
| Notuð eldhúsbrel                   | Used kitchen rolls                   |
| Afskorin blóm og plöntur           | Cut flowers and plants               |

**Dósir og flöskur**  
**Bottles and cans**

Skilagjaldsskyldar umbúðir  
Deposit beverage containers.

**Pappír**  
**Paper**

**Hvað má fara í gáminn?**

|                                      |                                                          |
|--------------------------------------|----------------------------------------------------------|
| Dagblöð og tímarit                   | Newspapers and magazines                                 |
| Úmsög og gluggaúmsög                 | Envelopes with or without windows                        |
| Skriftstofupappír                    | Office papers                                            |
| Bæklingar                            | Brochures                                                |
| Hreinar mjólkurfermur                | Clean milk container                                     |
| Bylgjupappír                         | Corrugated cardboard                                     |
| Gjafapappír                          | Gift wrapping paper                                      |
| Eggjabakkar                          | Egg trays                                                |
| Sléttur pappír s.s. morgunkomspakkar | Non corrugated cardboard e.g. cereal boxes, tissue boxes |

**Plast**  
**Plastics**

**Hvað má fara í gáminn?**

|                                           |                                                                |
|-------------------------------------------|----------------------------------------------------------------|
| Plastpokar                                | Plastic bags                                                   |
| Plastbrúsar s.s. hreinsiefni              | Detergent plastic emballage                                    |
| Plastdósir s.s. skyr, ís, smúrostur       | Plastic cups e.g. yogurt cups, icecream containers, spreadable |
| Plastfilma glær og lituð                  | Plastic wrappings, clear and coloured                          |
| Plastumbúðir s.s. utan af kexi og sælgæti | Plastic wrappings e.g. wrappings from candies and crackers     |
| Plastbakkar                               | Plastic trays                                                  |
| Plastflöskur s.s. sjámpó og sósur         | Plastic containers e.g. bottles for shampoo and sauce          |
| Frauðplastumbúðir                         | Styrofoam containers                                           |
| Pokar utan af snakk                       | Snack bags                                                     |

**Rusl**  
**Waste**

**Hvað má fara í gáminn?**

|                    |                   |
|--------------------|-------------------|
| Litaðar serviettur | Stained napkins   |
| Límiðar            | Stickers          |
| Einnota hanskar    | Disposable gloves |
| Gúmmihanskar       | Rubber gloves     |
| Pennar             | Pens              |
| Kveikjarar         | Lighters          |
| Tyggjó             | Chewing gum       |
| Geisladiskar       | Compact discs     |
| Bleyjur            | Diapers           |

Grenndarstöðvar eru við Vaðnesveg, Ásgarð, Úlfjótssvatn, Hraunborgir, Torfastaði, Krínglu, Borg, Nesjavelli og Seyðishóla.  
Gámastöð er við Seyðishóla. Sjá opnunartíma á [www.gogg.is](http://www.gogg.is).

# Fréttir af Grænfánastarfinu í Kerhólsskóla

Undanfarin tvö ár höfum við í Kerhólsskóla verið að vinna í því að fá fimmta Grænfánann okkar. Grænfánaverkefnið *Skólar á grænni grein* er alþjóðlegt umhverfismenntarverkefni sem rekið er af Landvernd á Íslandi. Markmið verkefnisins er að auka umhverfismennt, menntun til sjálfbærni og að styrkja umhverfisstefnur skóla. Verkefnið er stærsta umhverfismenntaverkefnið í heimi og á 20 ára afmæli á þessu skólaári.

Nemendur í leik- og grunnskóladeild ásamt starfsfólki vinna í sameiningu með ákveðið þema á hverju ári sem tengist grænfánastarfinu.

Þemur okkar síðustu 2 ár hafa verið lífbreytileiki og náttúruvernd. Við settum okkur markmið í tengslum við þemun og erum nú í lok skólaárs búin að ná þeim markmiðum. Markmiðin okkar voru t.d. að laða að dýralíf, fræðast um lífbreytileika, kynna lífbreytileikanum í umhverfi okkar betur, að gróðursetja, fræðast um vatn og vatnsvernd, fræðast um sorpflokkun og endurvinnslu og einnig um soun og neyslu. Við höfum til dæmis plantað trjá í nýja yndisskóginum á Borg, smíðað fuglahús, búið til fuglamat, byggt pöðduhótel og lært um dýr í útrýmingarhættu. Í maí gerðum við fræðsluvegg um matarsoun og fórum í átak í að minnka soun á mat í mótuneytinu. Við erum einnig búin að sá okkar eigin matjurtum til þess að rækta mat í okkar nærumhverfi.

Umhverfisnefndin okkar í skólanum heitir **Grænn og heilbrigður heimur** og vinnur að markmiðum Grænfánans, heilsueflingu og heimsmarkmiðum Sameinuðu Þjóðanna.

Við hlökkum til að fá 5. grænfánann okkar og halda áfram að gera okkar besta fyrir jörðina.

*Fyrir hönd Grænfánafulltrúa Kerhólsskóla,  
Hrafnhildur Sigurðardóttir, 7.bekk og  
Kári Guðjónsson Baecker, 3.bekk.*



## Grænn og heilbrigður heimur





Grænn og heilbrigður heimur




Grænn og heilbrigður heimur






## Grænn og heilbrigður heimur



## Grænn og heilbrigður heimur





**Tökum að  
okkur STÓR og  
smá verk:**


**jarðvinnu - tætingu -  
snjómokstur -  
bílaflutninga,  
jarðheflun &  
fólksflutninga.**

**Feðgaverk**

**Jóhannes og Guðmundur**

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com



**Opnunartími  
1.maí - 1.september**

**Mánudag - fimmtudag**

**8:30 - 18:30**

**Föstudag**

**8:30 - 20:00**

**Laugardag**

**9:00 - 20:00**

**Sunnudag**

**10:00 - 18:00**

# HEYRÚLLUPLAST

## FLOKKUN TIL ENDURVINNSLU

Árlega eru um 2000 tonn af heyrúlluplasti flutt til landsins. Til að koma í veg fyrir urðun á öllu þessu plasti og auka hlut endurvinnslu leggur Úrvinnslusjóður úrvinnslugjald á plastið, sem fæst endurgreitt þegar því er skilað til orku- eða endurvinnslu. Úrvinnslugjaldið gerir það að verkum að hægt er að senda plastið til endurvinnslu. Það plast sem Íslenska Gámafélagið safnar er sent til endurvinnslu. **Mikilvægt er að plastið sé hreint og laust við hey, net, bönd og aðra aðskotahluti þegar því er safnað því óhreint plast hentar ekki til endurvinnslu og endar því með almennu sorpi í urðun.** Gott er ef bændur geta haft plastið klárt í körum eða á nokkuð hreinlegum stað.

Eftir að heyrúlluplastið hefur verið sótt til bænda, er það flutt í flokkunarstöðvar Íslenska Gámafélagsins þar sem það er pressað í bagga og flutt til endurvinnslu. Afurð endurvinnslunnar eru litlar plastkúlur sem nýttar eru sem hráefni til framleiðslu á nýjum plastafurðum.

Íslenska Gámafélagið býður upp á leigja ílát fyrir plastið ef áhugi er fyrir hendi og er hægt að hafa samband við þau annars vegar í síma 577-5757 eða með tölvupósti á [igf@igf.is](mailto:igf@igf.is) fyrir nánari upplýsingar.

Hér má finna leiðbeiningar frá Íslenska Gámafélaginu um það hvernig best sé að ganga frá heyrúlluplastinu á einfaldan hátt frá . [Flokkun heyrúlluplast | Grímsnes- og Grafningshreppur \(gogg.is\)](#)

**ÍSLENSKA  
GÁMAFÉLAGIÐ**





## Fréttir frá Hestamannafélaginu Jökli

Á næstu mánuðum verður margt í gangi hjá Hestamannafélaginu Jökli vonandi að sem flestir félagar í Jökli finni eitthvað við sitt hæfi.

Dagskráin er eftirfarandi :

- Vantasull með Hermanni Árna 10. júní
- Landsmóts úrtaka á Hellu 10.-12. júní
- Reiðnámskeið í Hrísholti 13.-17. júní
- Skemmtimót í Hrísholti 18. júní
- Reiðnámskeið í Hrísholti 20.-24. júní
- Félagsreiðtúr 23. júní
- Skemmtimót í Hrísholti 25. júní
- Keppnisnámskeið í júlí fyrir Gæðingamót á Flúðum
- Landsmót Hestamanna á Hellu 3.-10. júlí
- Gæðingamót Jökuls á Flúðum 21.-24. júlí
- Félagsreiðtúr 28. júlí
- Reiðnámskeið í Miðengi 7.-10. ágúst.
- Félagsreiðtúr á Vallamót
- Vallamót í ágúst
- Frumtamninganámskeið á Brekku í sept/okt

Verið er að vinna í uppsetningu á nýrri heimasíðu fyrir félagið. Þar til að heimasíðan kemst í gagníð eru allar nánari upplýsingar um viðburði sett inn á facebooksíðu félagsins „Hestamannafélagið Jökull“ eða facebook síðu æskulýðsstarfsins „Hestakrakkar í Uppsveitum“

Hestamannafélagið Jökull



**GK BAKARÍ**

**10% AFSLÁTTUR  
GEGN FRAMVÍSUN MIÐANS**

**AUSTURVEGUR 31  
800 SELFOSS**



**GK BAKARÍ**   
**f GK BAKARÍ**



## Frá Leikfélaginu Borg

Leikfélagið Borg heldur leiklistanámskeið fyrir börn og ungmenni **dagana 1. - 5. ágúst**  
Námskeiðið verður á Borg, mikið úti og kannski eitthvað inni fer eftir veðri.

Tímar og hópar fara eftir fjölda og aldri þátttakenda, í framhaldinu verður þátttaka í Grímsævintýrum 6. ágúst fyrir þá sem það vilja.

Skráning á netfangið [leikfelagidborg@gmail.com](mailto:leikfelagidborg@gmail.com)  
eða í síma 894-0932



HEILBRIGÐISSTOFNUN  
SUÐURLANDS

Heilsugæslustöðin Laugarási er opin frá kl. 8.00 – 15.00 alla virka daga.

Tímamantanir og bókun í símaviðtal er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga – fimmtudaga.

Athugið Athugið að bóka þarf tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni þarf að liggja fyrir.

Lyfjaendurnýjun er á heilsuvera.is

## Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðvarinnar  
Seyðishólum frá 1. maí til 31. ágúst

| Mánudaga | Þriðjudaga | Miðvikudaga | Fimmtudaga | Föstudaga | Laugardaga | Sunnudaga |
|----------|------------|-------------|------------|-----------|------------|-----------|
| Lokað    | 13-16      | Lokað       | 13-16      | 13-16     | 10-16      | Lokað     |

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa –  
Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní –  
Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladað – Annan í jólum og Gamlársdag.

OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS  
ALLAN SÓLARHRINGINN



Saumakompan


TEK AÐ MÉR MARGSKONAR EINFALDAN SAUMASKAP

Elsa Jónsdóttir

Sími 864-4642



## Bókasafn Grímsnes- og Grafningshrepps



### Opnunartímar 1. - 10. júní

Mánudaga 8:15 til 12:00 og 15:30 til 16:30

Þriðjudaga 10:00 til 12:00 og 15:30 til 16:30

Fimmtudaga 12:30 til 13:30 og 15:30 til 16:30

### Kvöldopnun:

Miðvd. 8. júní frá 19:30 til 22:00 – **Hannyrðakvöld**

Fimmtudaginn 9. júní frá 19:30 til 21:30

### Lokað vegna sumarleyfis frá 13. júní til 31. júlí.

### Gjaldskrá bókasafnsins árið 2022

Bókasafnskort 18-66 ára, árskort 1.500 kr.

Gjaldfrjálst er fyrir börn 0-17 ára, ellilífeyrisþega og öryrkja.

|                                     |           |
|-------------------------------------|-----------|
| Millisafnalán, fyrir hvert safngagn | 1.000 kr. |
|-------------------------------------|-----------|

|                                 |        |
|---------------------------------|--------|
| Ljósritun og prentun á A4 blaði | 30 kr. |
|---------------------------------|--------|

|                                    |        |
|------------------------------------|--------|
| Ljósritun á A3 blaði og litprentun | 50 kr. |
|------------------------------------|--------|

Bókasafnskort hefur gildistíma til eins árs. Ef útlánsþing glatast eða skemmist hjá lánþega ber honum að bæta safninu skaðann með nýju eintaki sem hann útvegar og greiðir fyrir sjálfur eða greiða skaðabætur er nema innkaupsverði viðkomandi gagns.

## Heldriborgaraferð 2022

Loksins er komið að hinni

„árlegu“ heldriborgaraferð:

Kvenfélag Grímsneshrepps býður íbúum Grímsnes og Grafningshrepps, 60 ára og eldri, í dagsferð.

Ferðin verður farin fimmtudaginn 16. júní.

Fararstjóri verður okkar kæra Unnur Halldórs.

Lagt verður af stað frá Félagsheimilinu Borg kl. 11:00.

**Skráning þarf að berast í síðasta lagi**

**föstudaginn 10. júní.**

**Brottför frá Borg fimmtudaginn 16. júní kl. 11:00.**

Frekari upplýsingar og skráningar:

Sigríður Jónsdóttir 898-4428

Hildur Magnúsdóttir 863-9503



**Styrktarreikningur  
sveitarinnar er:  
0586-26-456  
kt. 490487-1319**

# GRÍMSÆVINTÝRI

Á BORG 6. ÁGÚST



## Grímsævintýri á Borg, 6. ágúst 2022

Við í Kvenfélagi Grímsneshrepps erum byrjaðar að huga að okkar árlegu Grímsævintýrum sem verða haldin laugardaginn 6. ágúst í ár.

### Tombóla, fjölskylduhátíð, markaður!

Ert þú með þína framleiðslu í handverki sem þú vilt selja?

Endilega bókaðu borð á Grímsævintýrunum.

Lítið borð: 3.500kr Stórt borð: 4.500kr

Tekið er við borðapöntunum fyrir markaðinn

á netfangið [grimsaevintyri@gmail.com](mailto:grimsaevintyri@gmail.com)

Fylgstu með viðburðinum á Facebook –

Grímsævintýri á Borg 2022



## Dagatal Kvenfélags Grímsneshrepps 2022

|              |                                   |
|--------------|-----------------------------------|
| 24. mars     | Aðalfundur                        |
| 30. apríl    | Ársfundur SSK                     |
| 2. maí       | Vorganga í yndisskógi á Borg      |
| 14. maí      | Kosningakaffi                     |
| 24. maí      | Vorfundur                         |
| 2. júní      | Vorganga og fögnuður í Mörkinni   |
| 10.-12. júní | Sumarþing NKF                     |
| 16. júní     | Heldriborgaraferð                 |
| 17. júní     | Fjalikonan                        |
| Júní         | Undirbúningur fyrir Grímsævintýri |
| 3.-5. ágúst  | Vinnudagar fyrir Grímsævintýri    |
| 6. ágúst     | Grímsævintýri                     |
| 7. sept.     | Haustfundur/Gróðursetning         |
| 28. okt.     | Grímuball                         |
| Nóv.         | Jólabíngó                         |
| 23. nóv.     | Jólafundur                        |




*Kæru félagskonur, endilega takið dagana frá og merkið í dagatalið.*



# Sumarblóm og kryddjurtir



Opið alla daga frá 10-16.



*Hannyrðakvöld*

*8. júní kl. 19:30*

*á Bókasafni Grímsnes og Grafningshrepps.  
Endilega kíkið og hafið með ykkur handverk,  
allir velkomnir.*

Íþróttamiðstöðin Borg



## Sumaropnun



MÁNUDAGA - FIMMTUDAGA

10:00 - 21:30

FÖSTUDAGA, LAUGARDAGA OG

SUNNUDAGA 10:00 - 18:00

HÆTT ER AÐ HLEYPA OFAN Í LAUGINA

20 MÍNÚTUM FYRIR LOKUN

Netfang: [sundlaug@gogg.is](mailto:sundlaug@gogg.is)

Sími 480-5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.  
Ábyrgðarmaður: Þórleif Hoffmann Gunnarsdóttir  
Efni í blaðið þarf að berast fyrir 28. hvers mánaðar á eftirfarandi  
netföng: [linda@gogg.is](mailto:linda@gogg.is) eða [gogg@gogg.is](mailto:gogg@gogg.is)